
N O R Ð F I R Ð I N G U R

3. tölublað 1986

10. árgangur.

Jóla- og aðalfundur Norðfirðingafélagsins
verður haldinn í Safnaðarheimili Bústaða-
kirkju sunnudaginn 7. desember 1986
kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Jólastemning
Kaffi og kökur

Mætum öll í hátíðarskapi

Viðtakandi:

EYÞÓR EIMARSSON
BÚSTAÐARHEIMILI 66
105 RUVIC

Árshátíð Norðfirðingafélagsins var haldin 8. marz s.l. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Þátttaka var að venju allgóð. Margt góðra gesta var að heiman að þessu sinni eins og svo oft áður og skal þar þá helst getið félaga úr kirkjukór Norðfjarðarkirkju, sem staddir voru í höfuðborginni um þær mundir.

Hátíðargestur okkar var frú Ragna Jónsdóttir frá Bár og flutti hún hátíðarræðu kvöldsins. Ragna brást ekki vonum okkar frekar en fyrri daginn. Hún kom víða við í ræðu sinni og minntist að sjálfsögðu margra skemmtilegra atvika frá sokkabandsárum sínum heima á Norðfirði. Hafi hún beztu þakkir fyrir. Gamalkunnir hljómlistarmenn að heiman, þeir frændur, Höskuldur Stefánsson og Svavar Lárusson léku snilldarvel saman á dragspil og gítar. Það var engu líkara en að þeir hafi spilað saman einhvern tíman áður. Kunnum við þeim beztu þakkir fyrir. Þekktur skemmtikraftur kom í heimsókn. Efnt var til happdrættis og dans stiginn fram eftir nóttu. Þótti árshátíðin heppnast hið bezta.

Eins og að framan greinir, þá verður aðalfundur félagsins haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju og munum við að sjálfsögðu, þar sem svo nærri verður liðið jólum, sjá til þess að sköpuð verði ákveðin jólastemning. Ekki munu félagskonur láta sitt eftir liggja í þeim efnum frekar en fyrri daginn. Fjölmargar þeirra hafa brugðist vel við óskum okkar um hjálp við bakstur fyrir þennan fund. Við erum þess fullviss, að hlaðborð þeirra verður bæði girnilegt og glæsilegt. Stjórn félagsins býður 67 ára félagar og eldri sérstaklega velkomna til fundarins. Boðin verða til sölu á aðalfundinum jólakort á vegum safnaðarheimilis Norðfjarðarkirkju prýdd myndum að heiman. Stjórn félagsins væntir þess að félagar bregðist vel við og kaupi kortin. Samhliða fréttabréfi þessu eru sendir gíróseðlar fyrir árgjöldum félagsmanna og vonumst við til þess, að félagar bregðist nú vel við og greiði félagsgjöldin skilvíslega. Endurnýjun félagsmanna er hverju félagi holl. Við höfum grun um að margt yngra

fólk að heiman sé búsett hér syðra, en hafi af einhverjum ástæðum ekki gengið í félagið okkar. Við viljum eindregið hvetja það til þess að mæta nú á þennan jóla- og aðalfund félagsins og kynnast þeirri stemningu sem þar jafnan ríkir og gerast félagar.

Að endingu hvetjum við alla Norðfirðinga til þess að mæta nú vel og eiga saman góða stund.

Mætum vel

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið,
Espigerði 4,
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen.